

**Námsgrein: Náttúrufræði**

Kennsluáætlun og skipulag: Náttúrufræði er kennd í 3 kennslustundum á viku. Kennari leggur inn efnisatriði með virkum umræðum við nemendur, allir nemendur eru virkjaðir til þátttöku, og glósar kennari lykilorð með aðferðum Orð af orði í huga. Leggur síðan fyrir verkefni um efnið, nemendur sem þurfa lengri tíma til að ljúka við verkefni vinna það í vinnutíma í lok vikunnar. Nemendur vinna verkefnablöðin sem er skilað í möppu, taka þátt í umræðum, lesa og skrifa aðalatriði úr lestextum og eftir umræðunum í vinnubók. Eftir vettvangsferðir út til að kanna það óþekkt gera nemendur athuganir bæði úti og inni sem tengjast útiverkefnum. Nemendur afla sér upplýsinga og gagna úti, í bókum og á netinu. Unnið er í hópum eða einstaklingslega eftir því sem best hentar.

Hæfniviðmið	Undirmarkmið	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat	Tímabil
Útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér. Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt. Lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland.	Nemandi fái tækifæri til að upplifa náttúru, þjálfun í að veita henni athygli, afla upplýsinga og miðla til annarra.	Unnið er með fræðsluefni um íslenska náttúru, landið og lífríki þess; skógar, hraun, melar, mýrar, vallendi, flatlendi og fjöll. Náttúrulegt umhverfi svæðisins er samþætt námsefninu og nýtt til útiverkefnavinnu.	Námsefnið <i>Líf á landi</i> , náttúran umhverfis skólann og í grennd við hann og fræðsluefni á netinu er viðfangsefnið.	Metin eru lykilhæfni nemenda og hæfniviðmið. Námsmat birt á hæfnikorti nemenda.	Haust 2020